

99. fundur skráningarráðs haldinn 21. janúar 2015 kl. 9-12.30 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar. Ragna Steinarsdóttir sat fundinn frá kl. 10-11.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt með örlitlum breytingum.

2. Erindi frá vinnuhópi um RDA tónlistarskráningu

Samkvæmt RDA skráningarreglunum má ekki lengur skrá á flytjendur eins og hefur verið gert við skráningu hljóðritaðrar tónlistar nema klassískrar. Það má einungis skrá á tónskáld ef þau hafa samið öll lög á disk/snældu/hljómplötu. Annars skal skrá á titil. Tónlistarhópur telur þessa aðferð ruglingslega bæði fyrir notendur og skrásetjara, sérstaklega þá sem skrá ekki mikið af þessu efni.

Hópurinn skoðaði þrjár leiðir, kosti þeirra og galla:

1. Skrá allt á titil eins og gert er með DVD

Þetta getur verið ruglingslegt í klassískri tónlist þar sem titlar eru mjög líkir eða þeir sömu.

2. Skrá allt á titil nema höfundargreinda klassíska tónlist t.d. óperur, óratoríur o.s.frv.

Allt sem áður var skráð á flytjanda verður skráð á titil. Flytjandi er skráður í 700 svið skv. RDA. Klassísk tónlist verður áfram skráð á tónskáld eins og áður. Eina breytingin er sú að ef tvö eða fleiri tónskáld eiga verk á sama viðfangi má ekki lengur skrá á fyrsta nafn og aukafærslur á önnur heldur skal skrá á titil í þeim tilvikum.

3. Skrá eftir RDA. Ef tónskáld hefur ekki samið öll lög á viðfangi skal skrá á titil

Tónlistarhópur leggur til leið tvö, skráningarráð samþykkir hana.

3. RDA skráning á bókum - lokaskjal

Hallfríður kynnti grunnskjal um RDA skráningu á bókum. Lokið verður við yfirferð skjalsins á fundi Innleiðingarteymis þriðjudaginn 26. janúar.

Ef tveir eða fleiri höfundar eru með jafna ábyrgðaraðild er heimilt að telja þá alla upp í 245 | c eða gera aðeins grein fyrir þeim fyrsta: Dæmi: Gunnar Karlsson [og 7 að auki]
Skráningarráð samþykkir að notaðir séu tölustafir til að greina fjölda þeirra sem ekki eru taldir upp.

Samþykkt að nota einungis fyrri vísi 0 í sviði 521.

Næsti fundur sem er 100. fundur skráningarráðs er boðaður 28. janúar 2016 kl. 9.